

Ed.

555. Frumvarp til laga

[276. mál]

um breyting á lögum nr. 50 26. maí 1972, um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

1. gr. laganna (nr. 50/1972) orðist svo:

1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fjármunum, er við andlát manns hverfa til erfingja hans, annarra en eftirlifandi maka, og sé búið tekið til skipta hér á landi, skal gjalda skatt í erfðafjárskatt.

2. gr.

1. másl. A-liðar 2. gr. laganna orðist svo:

Af erfðafé til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:

3. gr.

Á eftir fyrri málsgr. 3. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Á eftir orðunum „Undanþegið skatti er þó“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna komi: erfðahluti eftirlifandi maka.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vorið 1972 var samþykkt á Alþingi stjórnarfrv. um verulegar breytingar á lögum um erfðafjárskatt. Var skattheimtan stóraukin, nær ferfölduð að krónutölu. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu við meðferð málsins í báðum þingdeildum breytingartillögur, er miðuðu að því að draga nokkuð úr skattheimtunni, en engin þeirra náði fram að ganga.

Ein þessara breytingartillagna var sú, er í frv. þessu felst, þ. e. að undanþiggja erfðafjárskatti erfðahlut eftirlifandi maka.

Við umræður um frv. í Ed. tjáðu nokkrir þm. stjórnarflokkanna sig efnislega hlynnta þessari tillögu, þótt þeir greiddu þá atkv. gegn henni, og kváðust fyrir sitt leyti mundu stuðla að því, að á næsta þingi, þ. e. þinginu 1972—73, færi fram endurskoðun á lögnum um erfðafjárskatt, þar sem þetta atriði væri haft í huga. Hins vegar töldu þeir sig ekki vilja hætta á að stefna frv. í tvisýnu með því að gera á því breytingar, en frv. var þá til meðferðar í síðari þingdeild og skammt í þinglausnir.

Síðan þetta gerðist eru liðin nær tvö ár, og ekkert hólar á nýju frv. til l. um erfðafjárskatt né heldur vitað, að það sé á næsta leiti. Virðist því ekki ástæða til að tefja það lengur, að það sanngirnismál, sem í frv. þessu felst, nái fram að ganga.

Til viðbótar því áfalli, sem fráfall maka er fyrir það hjóna, sem eftir lifir, skapast einnig óhjákvæmilega vandamál fjárhagslegs eðlis, sem mörgum reynist erfitt að ráða fram úr. Má þar til nefna það, að í mörgum hjónaböndum er eigið íbúðarhúsnæði eina verulega verðmæti félagsbúsins. Vegna fasteignamatsins, sem gekk í gildi um þær mundir, er fyrrnefndar lagabreytingar voru gerðar, nemur erfðafjárskattur, jafnvel af hóflegri íbúð, eftir það tilfínanlega hárrí upphæð, sem getur orðið þeim, sem lítt eru efnum búnir, þungur baggi. Að skattleggja þannig eftirlifandi maka af eignum búsins, sem hjónin hafa sameiginlega skapað, er óréttmætt, og er þetta frv. flutt í trausti þess, að skilningur sé fyrir hendi hjá háttv. alþingismönnum á nauðsyn þess að aflétta þeirri skattheimtu.